

# NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisstofnun  
Þórdís Bragadóttir  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK


Garðabær, 06. júní 2011  
2011050034/42-0  
BM/TB  
gg/tb

## Leyfi til að mynda í Surtsey, umsögn

Vísað er til bréfs / tölvupósta frá Umhverfisstofnun, dagsettum 26. maí og 3. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn National Geographic Channel og Profilm fyrir þeirra hönd þar sem sótt er um leyfi til að mynda í Surtsey 13. júní næst komandi.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggst ekki gegn því að veitt verði leyfi fyrir myndatöku í Surtsey í einn dag þ.e. 13. júní nk., ef það reynist mögulegt að fara í eyna, eins og óskin er sett fram í tölvupósti þann 3. júní sl. af Profilm f.h. National Geographic. Náttúrufræðistofnun telur að leyfið eigi aðeins að veita að uppfylltum nokkrum skilyrðum. Í fyrsta lagi að þess sé gætt að allur farangur og klæðnaður beri ekki með sér framandi lífverur eða aðrar lífverur enda eitt af meginmarkmiðum friðlýsingarinnar að fylgjast með þróun/landnámi lífríkis án tilstuðlan mannsins í eyjunni. Í öðru lagi að með í för verði reyndur náttúrufræðingur/leiðsögumaður, enda lífríki viðkvæmt á þessum tíma (t.d. Erling Ólafsson hjá Náttúrufræðistofnun, sem haft hefur verið samband við), sem gjörþekkir aðstæður í eyjunni. Leiðangursmönnum skal skylt að fara að tilmælum leiðsögumannsins í hvívetna meðan á dvöl þeirra stendur í Surtsey. Í þriðja lagi að leyfið gildi aðeins fyrir nafngreinda einstaklinga í umsókninni. Í fjórða lagi að öll umgengni verði þannig að hvorki lífríki né jarðminjum sé raskað og allur farangur og hugsanlegur úrgangur sé tekin með úr cinni. Í fimmta að leyfinu fylgi sú kvöð að það þurfi að koma fram í heimildamyndinni/afurðinni, sem verið er að mynda fyrir í Surtsey, að Surtsey sé friðlýst vegna náttúruverndar, þróun lífríkis og jarðsögu, og að óheimilt sé að fara í eyna án sérstaks leyfis. Að þessum skilyrðum uppfylltum telur Náttúrufræðistofnun það vel við hæfi að veita leyfið.

Virðingarfyllst

  
Guðmundur Guðmundsson  
staðgengill forstjóra  
  
Trausti Baldursson

